

Þróun fjárhagsaðstoðar undanfarin ár hjá Félagsþjónstunni í Reykjavík


Í þessu innleggi mínu ætla ég að fara í mjög grófum dráttum yfir þróun fjárhagsaðstoðar sl. 10 ára og draga fram meginþætti. Þá vil ég gera grein fyrir þeim áherslum sem Félagsþjónustan í Reykjavík hefur lagt á að veita fjárhagslega og félagslega aðstoð til ungs fólks sem hefur verið stykt til náms og þá áherslu sem lögð hefur verið á vinnu með einstaklingum sem hafa verið atvinnulausir til lengri tíma.

Þróun fjárhagsaðstoðar í Reykjavík undanfarin ár er nokkuð tengd þeim breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð sem gerðar hafa verið. Þær breytingar byggja á breyttri hugmyndafræði sem Sigríður Jónsdóttir framkvæmdastjóri þróunarsviðs Félagsþjónstunnar í Reykjavík mun gera grein fyrir síðar í dag. Það er hinsvegar óhjákvæmilegt að tæpa aðeins á þessar breytingar á reglunum þar sem þær eru nátengdar og samverkandi með þróun fjárhagsaðstoðar. Þannig verður örlítil skörun á því sem við Sigríður höfum hér fram að færa en vonandi ekki mikil.

Fjöldi þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð í Reykjavík jókst umtalsvert fram til ársins 1995, en árunum 1986-1995 fjölgaði þeim heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð um 73,9% eða úr 2.185 heimilum í 3800.

Atvinnuástandið í borginni hafði þarna megin áhrif. Atvinnuleysi var óvenjumikið hér í borginni uppúr 1991 og kom það berlega fram í fjölgun fjárhagsaðstoðarmála, en árið 1995 voru 60% þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð atvinnulausir.

En frá 1995 hefur fjárhagsaðstoðarmálum fækkað eins og við sjáum hér á myndinni sem sýnir þróun í fjölda heimila og einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð frá 1992-2000



Eins og sést þá hefur þeim heimilum og einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð fækkað frá 1995 úr 3800 í 2680 árið 2000 eða um 30%.

Fjöldi fjárhagsaðstoðarþega árið 2000 er nokkuð svipaður fjöldanum 1992, en þá var áhrifa atvinnuleysis ekki farið að gæta mikið innan Félagsþjónustunnar.

Það eru hinsvegar ýmis teikn á lofti nú varðandi fjárhagsaðstoðina, við merkjum aukna eftirspurn eftir þjónustu hjá okkur og erum að skoða eftir hvaða þjónustu verið er að leita og hvaða hópar það eru sem eru að leita nú eftir þjónustu.

Eins og ég sagði í byrjun er ekki hægt að fjalla um þróun fjárhagsaðstoðar án þess að taka tillit til þeirra reglna sem gilda á hverjum tíma um veitingu aðstoðarinnar.

1. maí 1995 tóku gildi nýjar reglur um fjárhagsaðstoð í Reykjavík og leystu þær af hólmi reglur frá 1998.

Markmið með þessum nýju reglum var að:


- einfalda reglurnar og skýra,
- auka jafnræði með notendum,
- gera afgreiðslu fljótvirkari og aðgengi að aðstoð betra,
- greina milli fjárhagsaðstoðar og ráðgjafarþjónustu
- og að þeir sem fá fjárhagsaðstoð beri ábyrgð á eigin fjármálum.

Samhliða var viðmiðunarupphæð hækkuð og grunnur fjárhagsaðstoðar tengdur bótum frá Tryggingastofnunin í stað verkamannalauna eins og áður var.

Með breytingu á reglunum árið 1995 var horfið frá einstaklingsbundnu mati í hverju tilviki og réttur til fjárhagsaðstoðar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum varð skýrari.

Þessar breytingar hafa að sjálfsögðu haft áhrif á þróun fjárhagsaðstoðar og útgjalda vegna hennar og nauðsynlegt að hafa þær í huga þegar þróunin er skoðuð.


Áhrif þessara breytinga urðu þó ekki eins og sumir áttu von á, og töldu víst að umtalsverð fjölgun yrði hjá þeim sem sæktust eftir aðstoðinni og fengju hana sem og að útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar myndi fara hækkandi.




En eins og við sjáum á þessari mynd þá hækkuðu útgjöld til fjárhagsaðstoðar 1996 og 1997 en hafa síðan farið lækkandi eða um það bil staðið í stað, útgjöldin voru hæst 1996 og 1997 rúmar 719 milljónir en voru rúmlega 519 milljónir árið 2000 og eins og við skoðuðum fyrr þá er fjöldi heimila sem njóta fjárhagsaðstoðar árið 2000 1120 færri en 1995.

Fjöldi þeirra sem fá fjárhagsaðstoð í Reykjavík sem hlutfall af íbúafjölda er hinn sami árið 1992 og 2000, en alls njóta 4% íbúa Reykjavíkur fjárhagsaðstoðar frá Félagsþjónstunni.

Til fróðleiks má geta þess að 15% Reykvíkinga fengu ýmis konar þjónustu frá Félagsþjónstunni árið 2000. Inni í þessari tölu er þó ekki öll þjónusta sem veitt er þeir þjónustuflokkar sem um ræðir eru: fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur, heimaþjónusta, barnaverndarmál, liðveisla, tilsjón/persónuleg ráðgjöf, stuðningsfjölskylda, húsnaðisumsóknir/-úthlutanir og félagsleg ráðgjöf. Tekið er tillit til skörunar milli þjónustubátta.



Þegar skoðuð er hlutfallsleg skipting þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar eftir fjölskyldugerð þá sjáum við að 1995 voru einstæðir foreldrar fjölmennir eða 25%. Árið 2000 voru einstæðir foreldrar orðnir 33% af fjölda fjárhagsaðstoðarþega.



Athyglisvert er að skoða í þessu sambandi að fjöldi einstæðra foreldra í Reykjavík var 5.775 31. desember árið 2000, þá bjuggu alls 10.764 einstæðir foreldrar á landinu öllu. 53,65% allra einstæðra foreldra bjó því í Reykjavík á þessum tíma, á sama tíma voru 39,4% allra landsmanna búsett í Reykjavík.

Íbúafjöldi landsins var 282.849, í Reykjavík bjuggu 111.345 einstaklingar.

Eins og við vitum þá er líklegra að einstaklingar í ákveðnum þjóðfélagshópum þurfi frekar á aðstoð Félagsþjónstunnar að halda en aðrir og eru einstæðir foreldrar þar á meðal. Aðrir hópar eru öryrkjar, atvinnulausir, aldraðir og ungt fólk.

Þegar sá hópur sem nýtur fjárhagsaðstoðar er skoðaður út frá aldursskiptingu kemur í ljóst að nokkur fjölgun hefur átt sér stað í aldurshópi þeirra sem eru undir 25 ára aldri. Árið 1995 voru 23,6% notenda fjárhagsaðstoðar undir 25 ára aldri árið 2000 voru 28,4% notenda fjárhagsaðstoðar undir 25 ára aldri.

Hluti skýringar á þessari fjölgun er að með breytingu á reglunum 1995 kom inn ákvæði um námsstyrk/lán vegna náms til ungs fólks og fólks sem hefur verið atvinnulaust eða þegið fjárhagsaðstoð í 6 mánuði eða lengur og sú áhersla sem lögðu hefur verið á að aðstoð ungt fólk með þessum hætti.

Í ákvæðinu segir að aðstoðin skuli vera:

til einstaklinga 18-24 ára sem ekki hafa lokið grunnskóla eða menntaskóla vegna félagslegra erfiðleika,

til einstæða foreldra 18-24 ára sem ekki hafa lokið grunnskóla eða menntaskóla og hafa haft árstekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum

til ungmenna 16 og 17 ára er búa í foreldrahúsum og foreldrar þeirra hafa haft tekur á eða undir viðmiðunarmörkum amk. undanfarna 12 mánuði

(og síðan til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir eða þegið fjárhagsaðstoð í 6 mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.)

Lögð hefur verið áhersla á að veita þessa aðstoð til ungs fólks.

Samkvæmt niðurstöðum úr talningu á fjölda þeirra sem nutu námsaðstoðar árið 2001 þá eru um 11% aukningu að ræða frá árinu 2000, (eða frá 324 einstaklingum í 360 einstaklinga.)


Könnun á námsaðstoð Félagsþjónustunnar í Reykjavík og Miðgarðs (gefin út í sept. 2001) sem náðu til notenda þessarar þjónustu árin 1999 og 2000 leiddi m.a. í ljós að 75% svarenda töldu námið hafa gefið þeim aukin tækifæri í lífinu, 82% sögðu námið hafa veitt þeim ánægju með sjálfa sig.

Þátttakendur voru flestir á aldrinum 18-24 ára eða 77%, konur voru í meirihluta eða 78% og um 46% þátttakenda eiga börn.


Flestir þátttakenda eða 77% voru með ákveðin framtíðaráform hvað varðar frekara nám.

Þátttakendur í könnuninni voru 99 en heildarfjöldi þeirra sem notið höfðu aðstoðarinnar á þessu árabili voru 359.

Ef við lítum nú á hlutfallslega skiptingu þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar eftir atvinnustöðu kemur í ljós að árið 2000 var stærsti hluti fjárhagsaðstoðarþega atvinnulausir eða 40%.



Ef við berum þetta saman við atvinnustöðu fjárhagsaðstoðarþega árið 1995 kemur í ljós nokkur munur hvað atvinnulausa varðar, hlutfall atvinnulausra var þá 60%, þessi munur skýrist fyrst og fremst af atvinnuástandinu á hverjum tíma.



Aðrir þættir virðast ekki hafa breyst mikið. Nenum sem þiggja fjárhagsaðstoð hefur þó fjölgað úr 4% í 10%. Ætla má að skýringar sé að finna m.a. í þeirri auknu áherslu sem lögð hefur verið á að aðstoða ungt fólk með þessum hætti eins og ég gerði grein fyrir hér áðan.

Rétt er að taka fram varðandi atvinnulausa að í Reykjavík hefur verið skipulega unnið með einstaklingum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma, 1 ár eða lengur. Á borgarhlutaskrifstofum Félagsþjónustunnar hafa staðið yfir átaksverkefni frá 1999 (frá 1997 á einni borgarhlutaskrifstofu) þar sem markvisst hefur verið unnið með og fylgt eftir þessum einstaklingum. Alls hafa um 300 einstaklingar tekið þátt í þessum átaksverknum og virðist niðurstaðan í heildina vera góða, um 50% af þeim sem taka þátt í þessum verkefnum njóta ekki fjárhagsaðstoðar að ári liðnu af þeim eru rúmlega 30% komnir í vinnu en aðrir hafa flutt, fengið örorkumat eða vantar upplýsingar um.

Eftirtektarvert er að öryrkjum fjölgar um 6% í hópi þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar ef bornar eru saman tölur 1995 og 2000. Eins og með einstæða foreldra hér fyrir í minni umfjöllun þá vil ég vekja athygli á að 44% öryrkja á landinu búa í Reykjavík, en alls búa 39,4% landsmanna í Reykjavík. (Fjöldi öryrkja á landinu 1. desember 2001 var 10.347 í Reykjavík þjuggu 4.544) Þetta hlutfall er þó lægra en 1995 en þá bjuggu um 50% allra öryrkja í Reykjavík (á landinu bjuggu 8.868 öryrkjar þar af 4.409 í Reykjavík) meðan að 38,9% landsmanna bjuggu í Reykjavík.

Af þessari grófu samantekt um þróun fjárhagsaðstoðar í Reykjavík má sjá að sveiflur í fjölda þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar eru fyrst og fremst háðar því atvinnuástandi sem ríkir í borginni. Hlutfallslegur fjöldi Reykvíkinga sem nýtur fjárhagsaðstoðar hefur verið hinn sami sl. 10 ár og samsetning þess hóps sem nýtur fjárhagsaðstoðarinnar hefur heldur ekki tekið miklum breytingum hvorki hvað varðar fjölskyldugerð né atvinnustöðu með fyrirvara þó um atvinnuleysisstig hverju sinni. Þróunin í Reykjavík hefur verið m.a. að reyna að aðstoða fjárhagslega sérstaklega þá ákveðna hópa sem vitað er að standa illa að vígi og reyna þannig að skapa þessum einstaklingum aðstæður þannig að þeir geti séð sjálfum sér og fjölskyldu farborða.